

A 1842/kultur

Flytjandi	Íslenska landsdeildin
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Landsdeildartillaga um fjölmiðlalæsi**Tillaga**

Íslenska landsdeildin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að skipa starfshóp til að móta stefnu um menntun í fjölmiðlalæsi fyrir alla aldurshópa

Verkefni starfshópsins yrði að:

- kortleggja dreifingu falsfrétta á Norðurlöndum
- kortleggja aðgerðir og „best practices“ gegn upplýsingaóreiðu á Norðurlöndum
- móta sameiginlega norræna heildarstefnu til þess að auka fjölmiðlalæsi
- gera yfirlit yfir lög, reglur og námsáætlanir á Norðurlöndum sem snerta þetta málefni og gera tillögur að breytingum
- móta tillögur um hvernig norrænar stofnanir geta stuðlað að markmiðum hér að ofan

Bakgrunnur

Aðgangur að traustum upplýsingum er forsenda upplýstrar umræðu. Síðustu ár hefur borið meira á því að villandi og fölskum upplýsingum, svokölluðum falsfréttum, sé dreift og með tilkomu og aukinni notkun samfélagsmiðla fer vandinn ört vaxandi. Eftir því sem tækninni fleygir fram reynist sífellt erfiðara að greina milli raunverulegra fréttu og falsfrétta. Mikilvægi miðlalæsis hefur því aldrei verið meira, en í hugtakinu felst að einstaklingur geti aðgreint falsfréttir frá raunverulegum fréttum.

Falsfréttir og áhrif þeirra á kosningaúrslit og lýðræðið almennt hafa verið mikið til umræðu á síðustu árum, einkum í kjölfar forsetakosninganna í Bandaríkjunum í nóvember 2016 og þjóðaratkvæðagreiðslunnar um BREXIT í Stóra-Bretlandi. Rannsóknir hafa leitt í ljós að erlendir aðilar hafa reynt að hafa áhrif á kosningar með ýmsum aðferðum, þar á meðal með því að dreifa falsfréttum.

Megináherslan á Norðurlöndunum hefur verið á að efla upplýsinga- og tæknilæsi barna og ungmenna en erlendar rannsóknir hafa sýnt að fólk 65 ára og eldra er líklegast til að deila falsfréttum á samfélagsmiðlum. Hætta er á að notendur



samfélagsmiðla festist í vítahring þar sem margvíslegum upplýsingum um notendur miðlanna er safnað og sérsniðnum falsfréttum og áróðri beint að þeim.

Upplýsingaóreiðu verður helst vart þegar vinna þarf með og ræða umdeild samfélagsleg málefni. Markmiðið er að dreifa áróðri eða hafa villandi áhrif á samfélagslega umræðu. Upplýsingaóreiða hefur áhrif á getu almennings til að afla sér réttra upplýsinga um stefnu og ákvarðanir stjórnvalda og annað sem varðar hagsmuni hans. Hún eitrar samfélagslega umræðu, eykur spennu á milli ólíkra þjóðfélagshópa og grefur undan kosningakerfum sem haft getur alvarleg áhrif á þjóðaröryggi.

Í ljósi skaðlegra áhrifa upplýsingaóreiðu á lýðræði og upplýsingarétt almennings hafa Norðurlöndin hvert fyrir sig hafist handa við að rannsaka hver áhrif þess eru nákvæmlega og kortleggja þá upplýsingaóreiðu sem virðist koma frá mismunandi einstaklingum eða löndum. Reglugerðir hafa verið innleiddar til þess að minnka upplýsingaóreiðu sem stærstu samfélagsmiðlarnir hafa skuldbundið sig til að fylgja.

Ein árangursríkasta leiðin til að bregðast við upplýsingaóreiðu er að efla vitund, fræðslu og þjálfun almennings á sviði miðla- og upplýsingalæsis. Norrænu ríkisstjórnirnar hafa í mismunandi mæli beitt sér fyrir að efla fjölmiðlalæsi, sérstaklega meðal þeirra notenda sem eru í stærstu áhættuhópnum á samfélagsmiðlum, eins og eldra fólk. Þrátt fyrir þessa stöðu er þörf á átaki til að vernda lýðræðið og samfélagsréttindi, t.d. í tengslum við kosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur. Sum norrænu landanna eru lengra komin en önnur hvað varðar fræðslu í fjölmiðlalæsi og kortlagningu upplýsingaóreiðu og gætu því aðstoðað þau sem skemmra eru komin á þessu sviði. Einnig vantar betri upplýsingar um mögulegar skaðlegar afleiðingar upplýsingaóreiðu á Norðurlöndin í heild og samstarf landanna.

Íslandi, 5. júní 2020.

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)
Guðmundur Ingi Kristinsson (Ff)
Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)
Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)
Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)
Vilhjálmur Árnason (Sj.)